



# Stúdentaráðsfundur

21. fundur

5. apríl 2013 í Norðurborg

Fundaritari: Aníta Einarsdóttir

Fundur settur: 15:05

**Mættir:** Leifur Guðni Grétarsson, Aníta Einarsdóttir, Hafdís Erna Ásbjarnardóttir, Birgir Marteinson, Jenný Þorsteinsdóttir, Þórhildur Edda Eiríksdóttir, Ari Brynjólfsson, Vilborg Lárusdóttir.

**Gestir fundarins:**

## 1. Mál til kynningar

### a. kynning á nýju stúdentaráði

Stutt kynning á öllum, sérstaklega fyrir Vilborgu varaformann Eirar, þar sem hinir höfðu þegar hist á skiptafundinum.

### b. ný heimasíða félagsins

Leifur kynnti nýja heimasíðu. Framkvæmdastjórn vinnur að því að koma á fót nýrri og skipulagðari heimasíðu fsha.is sem vonast er til að fá upp fyrir sumarið svo hún verði alveg klár fyrir næsta vetur. Heimasíðan er vistuð á netþjónum Háskólans á Akureyri og verður því í sama stíl og unak.is. Þar verða undirfélögin með síðu þar sem lögin þeirra og saga kemur fram og nýjustu fréttir, annars er ætlast til að undirfélögin notist frekar við facebook og netföng til að senda út auglýsingar og setja inn myndir.

Hafdís skaut inn að keyptar voru allar myndirnar af árshátíð FSHA af Auðunni ljósmyndara og lét merkja FSHA og settu á facebook síðu FSHA svo nemendur gætu nýtt sér það. Almenn ánægja var með það innan ráðsins og engar athugasemdir komu.

## 2. Starfs- og fjárhagsáætlun

-FSHA1304002-

Kynntar voru fyrirhugaðar breytingar á fyrirkomulagi á greiðslum til undirfélagana. Öll félög fá fasta upphæð, t.d. 180.000 kr og halda svo áfram skráningu í félögin eins og hefur verið. Ákveðin upphæð frá FSHA skiptist svo niður á félögin eftir fjölda skráðra

Stúdentaráðsfundur

21. fundur 5. apríl 2013

Síða 1 af 5



nemenda félagsins. Stungið var upp á að félög gætu þá rukkað inn í félagið til að auka fjármagn félagsins þó svo að framlög frá FSHA breytist ekki með þessu fyrirkomulagi, heldur minni félögunum frekar í hag. Undirfélög ráða upphæðinni sjálf. Það er þó undir félögin komið að ráða þessu og geta þau fundið aðrar hentugri fjármögnunarleið að þeirra vali. Vonandi verður komin auðveldari leið til að skrá sig í félögin í gegnum Ugluna í haust. Funda og ferðakostnaður kynntur, 1 milljón í ár en líklegt er að einhverjar tekjur koma á móti þar sem sótt verður um styrki, ekki ákveðið hvert. Í þessum lið felst m.a. fjármögnun Landssamtaka íslenskra stúdentaráða (LÍS) og aðra fundi sem þarf að halda og flug til rvk á fundi og erlendis á fundi ESU.

Ekki komnar endanlegar tölur undir „skemmtanamál“, en gengið verður út frá því að formaður Félags- og menningarlífsnefndar fái ákveðna upphæð til að ráðstafa á viðburði og beri fram fjárhagsáætlun fyrir stúdentaráð til samþykktar.

„Blaðastyrkir“ er 200.000kr miðað við þau blöð sem félögin gefa út.

„Kennslumat“ er mun minna en hefur verið þar sem reynt verður að fá vinninga frá samstarfsfyrirtækjum FSHA. Aðrir styrkir er ýmislegt tilfallandi.

Skirfstofa hefur verið endurnýjuð til framtíðarnota. Athugasemd kom um að keyptar hefðu verið tölvur sem mikið er rætt um, ekki er séð þau kaup hafi verið samþykkt af stúdentaráði. Beðið var um rökm fyrir tölvukaupunum. Þarf að fara eftir lögum þegar keypt eru tæki, svo það verði ekki umtalað og öruggt sé að stúdentaráð sé samþykkt slíkum kaupum. Framkvæmdastjórn rökstyður: Tölvukaup eru undir liðnum rekstur skrifstofu, fjárhagsáætlun var samþykkt af síðasta stúdentaráði þar sem tölva var keypt. Öruggt er alltaf við slík kaup að þau séu til framtíðarnota og vegna aukins álags á Framkvæmdastjórn og töluvert meiri vinnu hennar var talið nauðsynlegt að fjárfesta í slíkum búnaði til að hægt væri að vinna að öllu sem vinna þarf við. Einnig er alltaf öruggt að félagið hafi efni á þessu og ekki er skorið niður í neinum öðrum liðum fjárhagsáætlunar til að hafa efni á slíkum kaupum, peningur fyrir því er alltaf til. Lagt var til af stúdentaráði að rekstur skrifstofu væri áfram liður í fjárhagsáætlun og framkvæmdastjórn gæti ráðstafað því eins og hún þarf, en hún verður þó að bera meiriháttarkostnað undir stúdentaráð þó hann falli innan ráðstöfunarfésins. Sú tillaga var samþykkt.

Framkvæmdastjórn ætlar að fara í mikla markaðssetningu á næsta ári og ætlar að taka úr liðnum „kynningarmál“ til þess. Kynna fyrir nýstúdentum hvað FSHA er og fleira til að vekja athygli á félaginu og kynna fyrir hvað það stendur og hvað það er að gera.

Samþykkt var að fara fyrst í yfirferð á verklagsreglum áður en fjárhagsáætlun var samþykkt þar sem hægt var að fara yfir liði þar sem tengdust breytingu á fjárhagsáætlun. Farið var yfir *VLR004* um stúdentaráð. Ekki var farið ítarlega yfir reglurnar þar sem fulltrúar voru allir búnir að kynna sér þær fyrir fundinn og höfðu engar athugasemdir. Þá var farið í *VLR005* ekki var farið ítarlega yfir þær heldur þar sem fulltrúar höfðu kynnt sér þær fyrir fund einnig. Rent var fljótt yfir og engar athugasemdir bárust.

Farið var aftur í *FSHA 1304002* fjárhagsáætlun til að samþykkja hana.

Útskýra þurfti betur, vegna fyrirspurnar, framlag til undirfélaga. Leifur útskýrði það betur. Eftir það var samþykkt að þetta sé jafnara fjárframlag frá FSHA miðað við hvernig það var í fyrra. Almennt samþykki var fyrir þessu fyrirkomulagi.

*FSHA 1304002* samþykki án frekari athugasemda.

Stúdentaráðsfundur

21. fundur 5. apríl 2013

Síða 2 af 5



### 3. Verklagsreglur lagðar fyrir

Aftur farið í VLR004 um stúdentaráð. Þó koma fram að Birgir á eftir að skrifa undir „YFL-001 Trúnaðar- og þagnarskylduyfirlýsing“, skv. 6. Gr. Félögin þurfa að fara með slíka yfirlýsingu í sína stjórn og skila inn á skrifstofu FSHA þar sem hún skal geymd. Rætt um breytingu á 8. gr. Um Þóknun: fyrir störf í þágu félagsins. T.d. fundarseta innan nefnda og ráða, að stúdentaráð hefur heimild til að greiða þóknun fyrir störf í þágu félagsins. Engar athugasemdir.

VLR004 fékk einhljóða samþykki án frekari athugasemda.

Farið var aftur stutt yfir VLR005. Einnig nefnd breytingu á 8. gr. Um Þóknun: fyrir störf í þágu félagsins. Engar athugasemdir bárust.

VRK005 einhljóða samþykkt án athugasemnda.

### 4. Kynning á LÍS og ESU

Aníta kynnti ESU, BM, NOM og LÍS stuttlega þar sem fulltúrar höfðu kynnt sér það fyrir fundinn.

#### a. Stofnun LÍS

Samþykkt var að samþykkja á næsta fjarfundi við fulltrúa hinna stúdentahreyfinganna þann 10. apríl nk. hvort heldur sem fulltrúar á Landsþingi séu ákveðnir út frá stöfnngreiðslu eða nemendafjölda. Athugasemd kom fram um að vilja fá jafn marga fulltrúa frá öllum hreyfingum og jafnt atkvæðavægi hreyfinga. Ólíklegt þykir að slíkt verði samþykkt, en verður þó lagt til á fjarfundi 10. apríl 2013.

#### b. ESU BM 64 í Búdapest

Samþykkt í „Önnur mál“ að senda Anítu á BM64 í Búdapest sem liður í þátttöku í stofnun LÍS.

### 5. Skipun fulltrúa í stjórn FÉSTA

Þórhildur Edda Eiríksdóttir skipuð fulltrúi í FÉSTA og Jenný Þorsteinsdóttir varafulltrúi.

### 6. Önnur mál

#### a. Kjósa í stjórn Góðvina:

Hafdís Erna Ásbjarnardóttir skipuð.

#### b. Skrifa undir heimabanka umsókn

Búið er að skrifa undir umsókn um heimabanka fyrir Anítu og Hafdísi.

#### c. fara á BM64

Samþykkt að senda Anítu frá 22.-30. apríl nk.

#### d. umgengni um ísskáp

Útskýrt hvernig á að fara í gegnum ískápinn og ítrekað að það verður að fara í gegnum hann reglulega svo hann verði ekki ógeðslegur. Á að fara eftir reglunum framan á ískápnum ef það er ekki gert á að henda því sem ekki er merkt eða er útrunnið.

### 7. Myndataka

Stúdentaráðsfundur

21. fundur 5. apríl 2013



Ekki náðist að taka myndir af stúdentaráði en verður gert fljótlega.

**Samantekt:** Stúdentaráð samþykkti fjárhagsáætlun og verklagsreglur, með þeim athugasemdum sem fram koma hér að ofan. Einnig var samþykkt að halda áfram að senda fulltrúa á ESU fundi erlendis og skipað í ýmis ráð sem þurfti að skipa í.

Fundi slitið klukkan 16:10



## Undirskrift fundargesta

Leifur Guðni Grétarsson  
*Formaður FSHA*

Aníta Einarsdóttir  
*Varaformaður FSHA*

Hafdís Erna Ásbjarnardóttir  
*Fjármálastjóri FSHA*

Vilborg Lárusdóttir  
*Varaformaður Eirar*

Ari Brynjólfsson  
*Formaður Kumpána*

Þórhildur Edda Eiríksdóttir  
*Forseti Stafnbúa*

Jenný Þorsteinsdóttir  
*Formaður Magister*

Birgir Marteinson  
*Formaður Þemis*